

Skólaráð 15. mars 2018 kl. 8.10

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Rakel Ösp Hannah og Eva Sigurðardóttir fulltrúar nemenda, Örn Guðmundsson og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir fulltrúar foreldra, Sif Garðarsdóttir og Jóhanna Gylfadóttir fulltrúar kennara.

Ritari er Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri

1. Húsnæðismál

- a) Örn sendi póst á alla foreldra til upplýsinga um stöðuna.
- b) Hugmynd frá foreldrafélaginu að hafa vorhátíðina á skólalóð í Skólagerði, kveðja bygginguna.
- c) Hugmynd frá viðburðarnefnd skólans er áþekk, að hafa hyllingu á skólalóðinni og kveðja bygginguna.
- d) Hugmynd frá skólaráði að splæsa saman þessum tveimur viðburðum, vorhátíð og kveðjuathöfn, hugmyndin verður borin undir viðburðarnefnd.
- e) Nemendur á elsta stigi hefja skólaárið í Vallargerði næsta haust. Töluvert púsluspil að koma öllum fyrir, s.s. stoðþjónustu, aðstöðu fyrir kennara o.fl. Fyrirséð er þónokkur fjölgun í skólanum sem þarf að koma vel fyrir. Einhverjar breytingar á núverandi húsnæði í Vallargerði fyrirhugaðar svo að allt komist fyrir.
- f) Kennsla í heimilisfræðistofu í Hallargarði hafin, gengur vel.

2. Samræmd könnunarpróf

Framkvæmd Menntamálastofnunar henni ekki til framdráttar, burt séð frá tæknivanda þá bærust upplýsingar um bilun seint og ákvarðanir um hvort ætti að halda prófi áfram en seinna.

Niðurstaða menntamálaráðherra varðandi prófin í ár liggur fyrir, nemendum býðst að taka próf sem þeir ekki náðu að ljúka, en ekki hefur verið tekin ákvörðun hér í Kársnesskóla um hvenær það verður, þ.e. í vor eða næsta haust.

Niðurstöður verða ekki teknar gildar sem námsmat fyrir framhaldsskóla.

3. Skólapúls, niðurstöður nemendakönnunar

Niðurstöður á elsta stigi eru ekki góðar, nemendur skortir trú á eigin hæfni og þrautsegju.

Niðurstöður skólaþings frá í haust benda til þess sama. Starfsmenn rýna nú í hvað veldur og hvað er til ráða. Nú er til umræðu að breyta kennsluháttum á elsta stigi og hugmyndavinna í gangi núna.

Reynum að fá nemendur með í umræðuna og hugmyndavinnuna.

4. Innra mat

Í lok hvers skólaárs er gefin út sjálfsmatsskýrsla þar sem farið er yfir þau umbótaverkefni sem átti að vinna á skólaárinu. Áherslur þessa skólaárs er ferlar í eineltismálum, náttúrufræðikennsla á elsta stigi og agamál.

Skólastjóri óskar eftir að foreldrar komi að sjálfsmati, í rýnihópi. Fulltrúar foreldra taka vel í það.

5. Önnur mál

Næsti skólaráðsfundur er áætlaður 9. maí en verður seinkað og í formi opins skólaráðsfundar, þá fundar skólaráð og foreldrafélagið saman.

Fundi slitið 9:00.